

**598. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 27. september 2022
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir Oddviti (LM), Marinó Bjarnason (MB) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 598 lögmætan.

Guðlaugur Jónsson boðaði forföll og sat varafulltrúinn Marinó Bjarnason fundinn í hans stað.

Dagskrá:

1. Erindisbréf nefnda 2022-2026 - 2206069

Tillögur að erindisbréfum nefnda hjá Tálknafjarðarhreppi lagðar fram til staðfestingar. Mál frá 597. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 13.09.2022.

*Framlögð erindisbréf eru samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum.
Marinó Bjarnason situr hjá.*

2. Ársframlag aðildarsveitarfélaga - 2208073

Erindi frá Náttúrustofu Vestfjarða dags. 22.06.2022. Mál frá 597. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 13.09.2022. Fram kemur að vegna hækkunar grunnframlags til Náttúrustofunnar á fjárlögum fyrir árið 2021, sem lögð er til grundvallar í útreikningi á fjárframlögum aðildarsveitarfélaganna, er óskað eftir að sveitarfélögin greiði herra rekstrarframlag vegna ársins 2021 sem nemur kr. 1.800.000,-. Hlutur Tálknafjarðarhrepps í þeirri fjárhæð nemur kr. 69.436,-.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að greiða hlut Tálknafjarðarhrepps vegna aukinna framlaga ársins 2021.

3. Breyting á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar - 2009255

Mál frá 597. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 13.09.2022. Mál frá 1. fundi skipulagsnefndar sem fram fór 07.07.2022 þar þar sem nefndin leggur samhljóða til við sveitarstjórn að heimila að skipulagstillaga að breytingu á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Atvinnu- og hafnarnefnd samþykkti einnig málið til auglýsingar á fundi 10.08.2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu skipulagsnefndar sem og atvinnu- og hafnarnefndar að heimila að skipulagstillaga að breytingu á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. Starfshópur fiskeldissveitarfélaga á Vestfjörðum um skiptingu tekna Fiskeldissjóðs

- 2209229

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 19.09.2022 þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa í starfshóp um skiptingu tekna Fiskeldissjóðs.

*Samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum að Lilja Magnúsdóttir verði fulltrúi Tálknafjarðarhrepps í starfshópi um skiptingu tekna Fiskeldissjóðs.
Marinó Bjarnason situr hjá.*

5. Starfshópur um samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum í velferðarþjónustu - 2209244

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 19.09.2022 þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa í starfshóp um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vestfjörðum

Samþykkt samhljóða að Jóhann Örn Hreiðarsson verði fulltrúi Tálknafjarðarhrepps í starfshópi um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

6. Styrkumsókn frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða - 2209282

Erindi frá Kristni H. Marinóssyni dags. 23.09.2022 þar sem óskað er eftir samstarfi vegna umsóknar í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Marinó Bjarnason vék af fundi við afgreiðslu þessa máls vegna venslatengsla og tók Magnús Óskar Hálfðánsson sæti hans á meðan.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styðja við umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða vegna þessa verkefnis. Komi fram ósk um fjárframlag sveitarfélagsins vegna verkefnisins þarf að fjalla um það sérstaklega.

7. Almenningsamgöngur, framlenging samnings - 2103090

Erindi frá íprótta- og tómsundafulltrúa Tálknafjarðarhrepps dags. 21.09.2022 þar sem óskað er eftir afstöðu til þess að núgildandi samningur við verktaka vegna almenningsamgangna á sunnanverðum Vestfjörðum verði framlengdur út árið 2022 svo tími vinnist til að framkvæma nýtt útboð vegna þjónstunnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að núgildandi samningur við verktaka vegna almenningsamgangna á sunnanverðum Vestfjörðum verði framlengdur út árið 2022.

8. Lengd viðvera í Tálknafjarðarskóla 2022-2023 - 2203332

Reglur um lengda viðveru í Tálknafjarðarskóla. Mál frá 3. fundi fræðslunefndar sem fór fram 14.09.2022.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða framlagðar reglur um lengda viðveru í Tálknafjarðarskóla.

9. Ábending vegna aksturs á Strandgötu - 2208007

Tillögur frá 3. fundi umhverfis- og byggingarnefndar sem fór fram 21.09.2022 varðandi hraðatakmarkanir á Strandgötu. Þar er lagt til að 50 km hraðaskilti verði fært við innkomu í bæinn, við Strandgötu 2. Þá er lagt til að hraðamerki máluð á veginn. Jafnframt bendir nefndin á að setja þurfi merki á veginn utan við sundlaug.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að unnið verði samkvæmt tillögum umhverfis- og byggingarnefndar varðandi hraðatakmarkanir á Strandgötu.

10. Fræðslunefnd - 3 - 2209003F

Fundargerð 3. fundar fræðslunefndar sem fór fram 14.09.2022.

Fundargerðin er staðfest.

- 10.1 2208122 - Skólaþjónusta
- 10.2 2208067 - Fjárhagsáætlun 2023-2026
- 10.3 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031
- 10.4 2203332 - Lengd viðvera í Tálknafjarðarskóla 2022-2023
- 10.5 2208078 - Menntastefna Vestfjarða
- 10.6 2209157 - Námsleyfasjóður skólaárið 2023-2024
- 10.7 2209180 - Betri vinnutími í leikskólum
- 10.8 2208001 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2022-2023
- 10.9 2205121 - Fundargerðir Samráðsfundur sambandsins með fræðslustjórum

11. Skipulagsnefnd - 3 - 2209004F

Fundargerð 3. fundar skipulagsnefndar sem fór fram 20.09.2022.

Fundargerðin er staðfest með fjórum atkvæðum.

Marínó Bjarnason situr hjá.

- 11.1 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031
- 11.2 2208067 - Fjárhagsáætlun 2023-2026

12. Umhverfis- og byggingarnefnd - 3 - 2208008F

Fundargerð 3. fundar umhverfis- og byggingarnefndar sem fór fram 21.09.2022.

Fundargerðin er staðfest með fjórum atkvæðum.

Marínó Bjarnason situr hjá.

- 12.1 2208076 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi
- 12.2 2208006 - Samþykkt um búfjárhald, endurskoðun
- 12.3 2208007 - Ábending vegna aksturs á Strandgötu
- 12.4 2208043 - Sorpmál í Tálknafjarðarhreppi
- 12.5 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031
- 12.6 2208088 - Umhverfisstefna Tálknafjarðarhrepps
- 12.7 2208067 - Fjárhagsáætlun 2023-2026
- 12.8 2209232 - Leyfi umsókn um byggingarleyfi
- 12.9 2209221 - Strandgata 39-41, umsókn um byggingarleyfi

13. Seinni úthlutun stofnframlaga - 2209261

Erindi frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun dags. 22.09.2022 þar sem vakin er athygli á því að opnað hefur verið fyrir umsóknir um stofnframlög ríkisins vegna seinni úthlutunar

fyrir árið 2022. Umsóknarfrestur er til 16.10.2022.

Lagt fram.

14. Samtaka um hringrásarhagkerfið - 2209259

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 20.09.2022 vegna ráðstefnunnar "Samtaka um hringrásarhagkerfi? réttur farvegur til framtíðar" sem verður haldinn í Hvammi að Grand Hótel í Reykjavík 07.10.2022.

Lagt fram.

15. Hækkun fasteignagjalda vegna verðhækkana á fasteignamarkaði - 2209263

Sameiginleg áskorun Félags atvinnurekenda, Húseigendafélagsins og Landssambands eldri borgara til stjórnvalda dags. 21.09.2022 vegna hækkunar fasteignagjalda vegna verðhækkana á fasteignamarkaði.

Lagt fram.

16. Sveitarfélög, skipulagsáætlanir og framkvæmdaleyfi til skógræktar - 2209269

Erindi frá Skógræktarfélagi Íslands dags. 22.09.2022 þar sem ályktun aðalfundar félagsins sem fór fram 2.-4. september 2022 varðandi sveitarfélög, skipulagsáætlanir og framkvæmdaleyfi til skógræktar er komið á framfæri.

Lagt fram.

17. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2022 - 2201021

Farið yfir ýmis mál sem eru í vinnslu hjá sveitarfélaginu.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum að Lilja Magnúsdóttir verði tengiliður Tálknafjarðarhepps vegna samnings um sorphirðu.
Marínó Bjarnason situr hjá.*

18. Fundargerðir Fasteignafélagið 101 Tálknafjörður - 2209249

Fundargerð stjórnarfundar í Fasteignafélaginu 101 Tálknafjörður ehf. sem fór fram 20.09.2022.

Lagt fram.

19. Verkfundir vegna Strandgötu/Tálknafjarðarvegur - 2111263

Fuundargerðir verkfundir vegna framkvæmda við Strandgötu/Tálknafjarðarveg nr. 14 sem fór fram 30.06.2022, nr. 15 sem fór fram 11.08.2022. nr. 16 sem fór fram 25.08.2022 og nr. 17 sem fór fram 15.09.2022.

Lagt fram.

20. 67. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti - 2208121

Þingerð 67. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti sem fór fram á Patreksfirði 8.-10. september 2022 ásamt samþykktum ályktunum þingsins.

Lagt fram.

598. fundur
29.09.2022

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:42.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir Oddviti (LM)

Marínó Bjarnason (MB)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)